


Menntun - Mannrækt

Grúnar þig að einhver sé lagður í einelti?



Eineltisteymi:
Elva Björk Elvarsdóttir
námsráðgjafi
Guðjón Sigbjörnsson
umsjónarkennari
Guðný Karlsdóttir
deildastjóri
Jóhanna Snævarsdóttir
sérkennari
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri



Virðing—Ábyrgð—Vinsemd

Njarðvíkurskóli
S 420-3000
<http://www.njardvikurskoli.is>
njardvikurskoli@njardvikurskoli.is

NJARÐVÍKURSKÓLI



Einelti / Hvað þá?

Þá skalt þú:

LÁTA EINHVERN FULLORÐINN VITA

1. Viðkomandi aðili lætur umsjónarkennara vita.
2. Allir sem koma að nemandanum (gangaverðir, kennarar, starfsfólk skólans, starfsfólk íþróttahúss) fylgjast sérstaklega með honum. Öll áreiti kringum nemandann eru skráð.
3. Umsjónarkennari ræðir við gerandann og honum skal gert ljóst að hann sé gerandi í eineltismáli og eineltið verði að hætta strax. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra gerandans.
4. Umsjónarkennari ræðir við þolandann og finnur fyrir hann tengilið sem hann treystir. Það getur verið umsjónarkennari, námsráðgjafi, deildarstjóri eða aðrir í starfsliði skólans. Tengiliður fylgist vel og reglulega með líðan nemandans. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra þolandans.
5. Málið er rætt á bekkjarfundi með nemendum.
6. Láti gerandi sér ekki segjast og haldi eineltið áfram er málinu vísad til eineltisteymis á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur: stutt lýsing á eineltinu, hvað hefur verið gert til lausnar og af hverju telur umsjónarkennari að málinu sé ekki lokið.
7. Foreldrar í viðkomandi bekkjum eru látnir vita að verið sé að vinna í eineltismáli án þess að nafngreina aðila málsins.
8. Eineltisteymið kannar málið og skráning á hegðun fer fram í tvær vikur.
9. Eftir skráningartímabilið kemur eineltisteymið saman ásamt umsjónarkennara og fer yfir málið.
10. Ef niðurstöður athugunar hafa leitt í ljós að um einelti sé að ræða, sem ekki hafi tekist að stöðva, er aðgerðaáætlun skólans sett í gang þar sem öllum tiltækum ráðum er beitt til að stöðva eineltið.
11. Umsjónarkennarar og eineltisteymið hafa samband við foreldra þeirra sem hlut eiga að máli þar sem þeim er sýnt fram á að eineltishegðun gerandans hafi verið stöðvuð.

Eftirfylgni:

11. Þremur vikum síðar kannar eineltisteymið stöðuna og metur hana í samvinnu við umsjónarkennara.
12. Þolandanum eru tryggð viðtöl og markviss sjálfstyrking.
13. Gerandanum er veittur jákvæður stuðningur við að leggja ekki í einelti og ef hann lætur ekki af iðju sinni, eða allt hefur fallið í sama farið aftur, er honum tryggð meðferð samkvæmt aðgerðaráætlun skólans gegn einelti.